

**A 1656/náring**

Afgreiðsla:
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Málsnúmer: 15-00208-7

Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og
þróunarnefndarinnar um

**Þingmannatillögu um aukna og sjálfbæra
ferðaþjónustu á Norðurlöndum****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hefja kortlagningu til mats á virðisauka af auknu kerfisbundnu norrænu samstarfi í ferðamálum, sem byggji á fyrri reynslu og traustum framtíðarspám.

að leggja fram tillögu að heildstæðri áætlun um heildrænt samstarf til lengri tíma í ferðamálum á Norðurlöndum.

að taka mið af mismunandi sjálfbærni- og gæðamerkingum sem eru til staðar á Norðurlöndunum í dag, og leitast við að ná samstöðu um sameiginlegar merkingar til að auðvelda rekstraraðilum og gestum að taka vel ígrundaðar ákvarðanir um sjálfbærni/gæði og framleiðslu/neyslu ferðaþjónustu með hliðsjón af Norðurlöndunum öllum.

að veita þróunarfjármagni til að styðja við nýtt norrænt samstarf með tilliti til bæði markaðssetningar og framsetningar samanburðarhæfra tölulegra upplýsinga, sem og skipulagningar innviða til norrænna áfangastaða með meiru. Í því getur líka falist stuðningur við samræmingu, en einnig við aðgerðir sem eru sniðnar að litlum rekstraraðilum/áfangastöðum til þess að þeir geti gert þjónustu/áfangastaði sína sýnilega fyrir vaxandi fjölda gesta.

að eiga frumkvæði að samstarfi einkarekinna áfangastaða til þess að þeir hefji samstarf til að geta boðið gestum ánægjulega og lærdómsríka upplifun frá Norðurlöndum, til dæmis norræna ferðapakka um ákveðin þemu.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um,

að fengnu norrænu samráði, að aðlaga umboðið til ferðamálastofa í löndunum þannig að þær í auknum mæli fái það sem hluta af hlutverki sínu í löndunum að samræma starfsemi sína og eiga norrænt samstarf til að laða fleiri gesti til Norðurlandanna. Í þessari aðlögun ber að taka inn ný árangursviðmið, sem hægt er að meta árangur ferðamálaráða landanna eftir.

Norðurlandaráð

A 1656/náring

Afgreiðsla:
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Málsnúmer: 15-00208-7

Inngangur

Ferðþjónusta er ört vaxandi starfsgrein. Starfsgreinin vex um nálega 4% á ári og mörg ný störf eru sköpuð í starfsgreininni ár hvert, einkum meðal ungmenna og nýlega aðfluttra Norðurlandabúa. Reiknað er með allt að 50.000 nýjum störfum í hverju landanna í ferðþjónustu fram til ársins 2020.

Alþjóðaferðamálastofnunin, *World Tourism Organization* (UNWTO), hefur reiknað út að ferðþjónusta muni halda áfram að vaxa, ekki hvað síst ferðalög um langan veg. Ferðamenn koma í sívaxandi mæli frá Asíu, einkum Kína. Svokölluð skyndibitamening verður æ algengari ferðamenn vilja á skömmum tíma fá æ fjölbreyttari upplifun og gæðþjónustu með tengslum við heimamenn. Samkvæmt Ferðamálaráði Evrópu, *European Travel Commission*, (2006) kjósa ferðamenn í auknum mæli áfangastaði eftir úrvali matar og öryggi landsins. Matarferðþjónusta vekur einkum áhuga erlendra ferðamanna. Norðurlönd eiga góð tók á að vekja áhuga erlendra ferðamanna með því að markaðssetja svæðið sem öruggan og fjölbreyttan áfangastað.

Með því að markaðssetja Norðurlönd sem stað fyrir námsferðir getum við laðað að stjórnámalmennt og fyrirtæki í ferðir til svæðisins til að kynna sér okkar einstaka samfélag og velferðarkerfi. Þetta gagnast einkum norrænum fyrirtækjum þar sem hægt er að skapa ný samstarfstengsl. Til þess að geta aukið markaðssetningu og aðdráttarafl Norðurlanda, ættu Norðurlöndin í sameiningu að framkvæma markaðsrannsóknir til þess að ákvarða hvar og á hvaða hátt best megi markaðssetja Norðurlöndin. Með því að vinna saman geta Norðurlöndin sparað fjármagn og um leið öðlast betri skilning á því hvar megi sækja norrænan virðisauka.

Samkvæmt Alþjóðaferðamálastofnuninni, UNWTO, mun markaðshlutdeild Evrópu í ferðþjónustu þó minnka í framtíðinni. Um leið mun markaðshlutdeild Austur-Asíu og Kyrrahafssvæðisins aukast. Samkvæmt mati mun ferðþjónusta í norðanverðri Evrópu vaxa hægar en ferðþjónusta í sunnanverðri Evrópu. Norðurlöndin verða því að bregðast við og þróa samstarfið og markaðssetninguna þannig að norðanverð Evrópa verði eftirsóknarverður áfangastaður fyrir erlenda ferðamenn. Um leið verðum við að tryggja að aukin ferðþjónusta þróist á umhverfisvænan og félagslega sjálfbæran hátt.

Norðurlöndin hafa einstaka stöðu á alþjóðavísu á sviðum eins og hönnun, mat, kvikmyndum, byggingarlist, jafnrétti, sjálfbærni og lýðræði. Norðurlöndin eru ár hvert með ýmsa kynningu erlendis, bæði varðandi hagsmuni viðskiptalífsins og ferðþjónustunnar. Ef þessi kynning væri samræmd betur á norræna vísu, hefði mátt skapa aukinn hagvöxt og verðmæti, bæði innan Norðurlanda og á alþjóðavísu.

Norðurlöndin eru nú þegar öflugt vörumerki. Einnig hefur verið unnin norræn stefnumótun um kynningu, sem árið 2016 verður hrint í framkvæmd til að unnt megi verða að taka hana í notkun á ólíkum fagsviðum. Norðurlöndin eru ekki markaðssett á kerfisbundinn hátt enn sem komið er, sem einn heildstæður áfangastaður, ólíkt Karabiska hafinu og Miðjarðarhafssvæðinu. Norðurlöndin vinna þó einstök sértæk verkefni

saman, eins og t.d. BeNordic í Milánó. Kerfisbundið norrænt átak, á sama hátt og fer fram í Karabíska hafinu og á Miðjarðarhafssvæðinu, gæti þó gagnast okkur öllum.

Norðurlandaráð

Þegar kemur að Norðurlöndunum má finna einstaka upplýsingar um öll Norðurlöndin á heimasíðum á borð við VisitSweden.com og VisitFinland.com o.s.frv. en við höfum ekki sameiginlega vefgátt, eins og t.d. VisitEurope.com. Þó má finna á ameríska markaðnum goscandinavia.com og á kínverska markaðnum nordicsurprises.com (norræn lendingarsíða, sem var þróuð sem þriggja ára verkefni með stuðningi frá Norrænu ráðherranefndinni, undir nafninu „New Nordic Tourism in China“). Í dag beina einstök lönd Norðurlandanna þó einkum kröftum sínum í markaðssetningu á eigin landi, þegar við í staðinn gætum unnið saman að því að laða fleiri ferðamenn til svæðisins, sparað fjármagn í ríkjunum og byggt upp norræna vörumerkið.

A 1656/náring

Afgreiðsla:
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Málsnúmer: 15-00208-7

Í mörgum tilvikum er hægt að hafa hag af þemabundinni ferðaþjónustu á Norðurlöndum. Áhugafólk um mat er hægt að lokka til Norðurlanda (ekki bara til eins lands) til þess að upplifa t.d. „The Nordic Food Trail“, „The Nordic Nature Trail“ eða „The Arctic Trail“. Þemanálgun getur á margan hátt verið álitlegri fyrir gestinn sem kemur um langan veg, en heimsókn til t.d. „Danmerkur“. Með þemanálgun má einnig gera Norðurlöndin að aðlaðandi svæði fyrir Norðurlandabúa sjálfa og gesti frá öðrum grannríkjum.

Það dugar þó ekki til að lokka fleiri ferðamenn til Norðurlanda. Það verður líka að hugsa vel um þá þegar þeir eru komnir á staðinn. Bolmagn þarf til að taka á móti þeim, vilja og getu til að koma til móts við væntingar þeirra, sem og að gera hringferð þeirra um Norðurlöndin eins átakalaus og kostur er. Þess má einnig vænta að ferðamenn í framtíðinni muni í auknum mæli vænta þess og krefjast að ferðamannastaðir séu reknir á sjálfbærán hátt.

Í dag vitum við harla lítið um þær upplifanir og áskoranir sem ferðamenn til okkar hluta Evrópu munu fá. Hversu aðgengilegar eru þær upplýsingar sem þeir þurfa (hvað varðar tungumál og á annan hátt)? Hve vel eru miðasölukerfi eða greiðslukerfi Norðurlandanna samhæfð? Hvaða erfiðleikum lendir rússneskur ferðamaður í sem vill ferðast frá Sankti Pétursborg til Helsinki með lest, áfram til Stokkhólms með ferju (með viðkomu á Álandseyjum), og síðan áfram til Ósló og fjarðanna á Vestlandet í Noregi? Mun hann/hún lenda í tungumálaörðugleikum? Mun hann/hún eiga í erfiðleikum með að skilja/nota miðasölukerfin? Virka greiðslukort/rafrænar greiðslulausnir hans/hennar á öllu ferðalaginu? Er ökuskírteini hans/hennar í gildi? Hvernig er vegabréfsáritunum milli landanna háttáð? Hvernig fáum við viðbrögð frá ferðamönnum um það sem gekk vel/miður vel? Hve miklar upplýsingar getur indverskur ferðamaður í Kaupmannahöfn fengið um það sem er á döfinni í Málmey eða Lundi? Hér er þörf fyrir heildstæða norræna hugsun.

Norðurlöndin eru mjög framarlega með tilliti til tölvuvæðingar. Samt er til fjöldi áfangastaða, starfsemi og gististaða sem eru ekki á netinu, eða sem ná ekki til stóru heimasíðanna eins og hotels.com eða Tripadvisor. Er mögulegt að hafa aðgerðir til að auka fjölda áfangastaða og gististaða sem auglýstir eru á netinu, til þess að einnig litlir aðilar á jaðarsvæðum eigi auðveldara með að taka þátt í aukinni ferðaþjónustu? Hugsanlegar aðgerðir gætu falist í mismunandi kortlagningu og greiningu, ekki bara á ytri mörkuðum og væntingum hjá þeim sem ferðast til Norðurlanda, heldur líka athugun á innviðum og aðgengi á Norðurlöndum. Er auðvelt að rata á Norðurlöndunum? Er auðvelt að finna gistingu á Norðurlöndum og hve auðvelt er að missa af litlum aðilum?

Einnig er tilefni til að stofna vettvang þar sem skiptast má á reynslu innan Norðurlanda. Hvernig er t.d. unnið með öryggismál á ólíkum stöðum á Norðurlöndum? Hversu auðskiljanleg eru skilti og viðvörðunarröð? Hvernig taka bílaleigur á einstaklingum frá fjarlægum löndum með tilliti til viðurkenningar á ökuskríteinum og upplýsinga um vegi?

Norðurlandaráð

A 1656/náring

Afgreiðsla:
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Málsnúmer: 15-00208-7

Það gæti einnig verið hagkvæmt ef ólík merkjakerfi Norðurlandanna væru betur samstillt. Er þriggja stjörnu hótél í Noregi sambærilegt við þriggja stjörnu hótél á Álandseyjum? Hvað með sjálfbærni-/umhverfismerkingarnar? Mætti hugsa sér að hin ólíku merkjakerfi sem til eru væru samstillt til að skapa betri samanburð og gagnsæi fyrir gesti og til að gera meðvituðum gestum auðveldara fyrir um að velja á viðeigandi hátt? Norðurlandaráð hefur áður samþykkt tilmæli um vottun ferðamannastaða á Norðurlöndum. Norræna velferðarmiðstöðin hefur líka unnið skýrslu um aðgengi fyrir alla á Norðurlöndum (með sérstakri áherslu á fólk með fötlun) sem getur verið við hæfi að hafa í huga í þessu samhengi.

Samnorrænar aðgerðir til að markaðssetja Norðurlöndin sameiginlega út um heim þarf að skipuleggja og samhæfa. Í dag eiga norrænu ferðamálastofurnar samstarf í einstökum málum á ákveðnum mörkuðum og í tengslum við ákveðna tiltekna viðburði. Þetta samstarf mætti þó gera kerfisbundnara og skipulegra. Núverandi samstarf veldur þó vissum vanda sem í sumum tilvikum hefur torvelað kerfisbundnara samstarf, þrátt fyrir viðtæka samstöðu um kosti og æskileika samstarfs. Í fyrsta lagi, þá er umboð ferðamálastofanna bundið við löndin. Eigendafyrirkomulagið er líka ólíkt, alveg eins og fjármagn í boði. Árangur hvernar ferðamálastofu er mældur í fjölda gistinátta sem stofunni hefur tekist að lokka til eigin lands. Í sumum tilvikum skapar þetta samkeppnisaðstæður sem gagnast ekki heildinni. Það flækir samstarfið líka að forgangsröðun er ólík með tilliti til álitlegra markaða, og ákvörðunarvaldið verður óljóst þegar eigendafyrirkomulagið er ólíkt, sem og sú upphæð sem hver og einn getur lagt í sameiginlegt norrænt átak. Hér er kannski tilefni til að skoða umboð ferðamálastofanna í löndunum, sem og að breyta viðmiðum um hvenær þær hafi náð takmarki sínu. Í upphafi getur aukið norrænt samstarf falið í sér ákveðinn aukakostnað, en mjög fljótlega mun það breytast í sparnað vegna hagræðingar og kosti vegna stórrækstrar. Forsendur þess að ferðamálastofurnar eigi að hugsa og leggja meiri áherslu á norrænt samstarf eru þó að það felist í því verkefni sem þeim er falið af ríkisstjórnnum sínum, og að þetta samstarf sé eitthvað sem ríkisstjórnirnar meti frammistöðu og árangur stofanna eftir.

Til að styðja við sameiginlegar aðgerðir og samstarf ferðamálaráða landanna (og annarra), ætti Norræna ráðherranefndin að ráðstafa auknu fjármagni, helst strax frá árinu 2017, en í síðasta lagi frá árinu 2018.

Aðdragandi tillögunnar

Þessi nefndartillaga byggir á mörgum þáttum, hluta til á þingmannatillögu jafnaðarmanna „um aukna og sjálfbæra ferðapjónustu á Norðurlöndum“ (A 1656), að hluta til á afskrifuðum tilmælum um „sjálfbærnivottun ferðamannastaða“ (A 1621) og „Norðurlönd sem áfangastaður ferðamanna“ (A 1611).

Formennska Dana í Norðurlandaráði 2016 hafði kosið aukið samstarf í ferðamálum á Norðurlöndum sem eitt af þremur forgangsverkefnum sínum. Til að varpa skýrara ljósi á hvernig samstarfi í ferðamálum er háttað í dag á Norðurlöndum, sem og hvernig hlutaðeigandi aðilar sjá fyrir sér aukið samstarf í framtíðinni, lét formennskuáætlunin vinna skýrslu þar sem tekin voru viðtöl við ferðamálaráðin í löndunum (ferðamálastofurnar), norræna stjórnarmálamenn og stjórnarmálamenn í löndunum, ásamt fræðimönnum um ferðamál. Skýrslan sýndi að sameiginleg sýn ríkir um gildi aukins samstarfs um ferðamál á Norðurlöndum, og að þörf er aukins

skipulags um þetta samstarf. Um leið var bent á að í dag væri enginn einn aðili sem bæri ábyrgð á eða hefði umboð til að hefja, samræma eða fjármagna kerfisbundnara samstarf í ferðamálum. Í skýrslunni er lagt til að komið verði á fót norrænu ferðamálaráði, sem fái ábyrgð á að sjá um skipulagsmál með tilliti til markaðssetningar á Norðurlöndum, með miði af norrænu stefnunni um kynningu á Norðurlöndunum. Ennfremur er lagt til í skýrslunni að skapaður verði samræmingarvettvangur sem fái það hlutverk að stjórna, samræma og gera samstarfið skilvirkara á milli mismunandi starfseininga.

Á grundvelli skýrslunnar fór fram samráðsfundur í Kaupmannahöfn 1. september, með þátttöku fulltrúa ferðamálaráða landanna, stjórnvalda landanna, stjórnmalamanna og norrænna fræðimanna á sviði ferðamála. Samráðsfundurinn var beðinn um að láta álit sitt í ljósi um ályktanir skýrslunnar, teikna upp framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf í ferðamálum, sem og gefa upp hvaða aðgerða er þörf til að ná þessum markmiðum.

Sjónarmiðin á samráðsfundinum voru ekki samhljóða, en meirihluti taldi að möguleikar væru á að móta bætt og samræmdara skipulag um norrænt samstarf í ferðamálum, án þess að byggja upp nýtt stórt stjórnunarkerfi í kringum það. Einnig söknuðu menn álit og þátttöku viðskiptalífsins í skýrslunni. Margir töldu að stjórnmalamenn ættu bara að skilgreina leikreglurnar, en að viðskiptalífið sjálft bæri ábyrgð á að finna viðeigandi áfangastaði.

Ennfremur var bent á að mikilvægast væri að fá staðfestan pólitískan vilja til aukins samstarfs í ferðamálum á Norðurlöndum, og að skilgreint yrði HVER eða HVERJIR beri ábyrgð á að ná fram möguleikum Norðurlanda.

Í nýrri umbótaskýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar „Tími Norðurlanda er núna“, kemur fram að Norræna ráðherranefndin vilji auka aðgerðir í ferðamálum frá árinu 2017. Af hálfu Norðurlandaráðs viljum við styðja slíka viðleitni.

Stokkhólmi, 27. september 2016

Arto Pirttilahti (cent)

Gunvor Eldegard (A)

Håkan Svenneling (V)

Juhana Vartiainen (saml)

Juho Eerola (saf)

Katri Kulmuni (cent)

Lars Tysklind (FP)

Oskar J. Grimstad (FrP)

Per Olaf Lundteigen (Sp)

Pyry Niemi (S), formaður

Ruth Mari Grung (A)

Torgeir Knag Fylkesnes (SV),

varaformaður

Ville Skinnari (sd)

Fyrirvari A 1656/näring

Ég set fyrirvara í þágu eigin tillögu um undirtektir við málsliðum 1 og 2 og höfnun málsliða 3, 4, 5 og 6.

Það er vel að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að láta fara fram kortlagningu á virðisauka kerfisbundnara norræns samstarfs í ferðamálum og að unnin sé heildstæð áætlun með það fyrir augum.

Ég hef þó mínar efasemdir um að taka skuli frumkvæði að enn fleiri sjálfbærni- og gæðamerkingum. Þær merkingar sem notast er við í dag eru vel þekktar af bæði fyrirtækjum í ferðaþjónustu og hjá neytendum. Uptaka nýrra norrænna merkinga er fremur fallin til aukinnar ringulreiðar.

Norðurlandaráð

A 1656/näring

Afgreiðsla:

Norræna hagvaxtar- og

þróunarnefndin

Málsnúmer: 15-00208-7

Í norrænu samstarfi þurfum við að bæta okkur í að fara vel með það fjármagn, þá skattpeninga, sem okkur er falið að sýsla með. Að ætla að ráðstafa auknu fjármagni í til dæmis markaðssetningu er því vafasamt.

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin hafa ekki yfir færni að ráða til að segja til um hvaða heimsóknar- og upplifunarpakka einstök fyrirtæki í ferðaþjónustu eigi að bjóða. Slík mál eru best komin í höndum starfsgreinarinnar sjálfrar.

A 1656/näring

Afgreiðsla:
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Málsnúmer: 15-00208-7

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hefja kortlagningu til mats á virðisauka af auknu kerfisbundnu norrænu samstarfi í ferðamálum, sem byggji á fyrri reynslu og traustum framtíðarspám.

að leggja fram tillögu að heildstæðri áætlun um heildrænt samstarf til lengri tíma í ferðamálum á Norðurlöndum.

Stokkhólmi, 27. september 2016

Lena Asplund (M), flokkahópi hægrimanna